

ELSKAN ER ÉG HEIMA

(Home, I'm Darling)

(Síðdegi. Guðrún og Markús í stofunni með drykki.)

- Markús** Og þess vegna er hann kallað Screwdriver
- Guðrún** Því hann var hræður með...
- Markús** Já með...
- Guðrún** En sniðugt, ég hafði ekki hugmynd um það.
- Markús** Það vita það mjög fáir í raun.
- Guðrún** Heldurðu að það sé satt?
- Markús** Ég veit það ekki. En af hverju að láta góða sögu gjalda sannleikans?
- Guðrún** Okkur kemur vel saman, er það ekki?
- Markús** Okkur kemur mjög vel saman.
- Guðrún** Ég sé enga fyrirstöðu fyrir því að við tökum það lengra.
- Markús** Lengra - ha?
- Guðrún** Mér datt í hug að ég gæti komið að vinna fyrir þig.
- Markús** Vinna fyrir mig?
- Guðrún** Fanný sagði mér að þú hefðir misst ritarann þinn. Aðstoðarkonuna.
- Markús** Sagði Fanný þér ástæðuna? Aðstæðurnar í kringum það...
- Guðrún** Já þetta er alveg ömurlegt að heyra, mér þykir það leitt.
- Markús** Ég er í ótímabundnu leyfi. Á meðan hinir eigendurnir *skoða málið*.

Guðrún Þegar Fanný sagði mér frá þessu átti ég svona ljósaperumóment, ég sá *mig* bara fyrir mér sem ritarann þinn.

Markús Þú leiddir teymi hérna áður, var það ekki?

Guðrún Ég er ekki að leita eftir þannig vinnu núna. Og veistu, ég held að það að vinna fyrir þig væri ekki... mér myndi ekki líða eins og það væri vinna. Að skrifa upp bréf fyrir þig, sækja kaffi fyrir þig, viskí klukkan fjögur. Vita hvar þú skildir pennann þinn eftir og gleraugun. Losa þig við fólk úr símanum þegar á þarf að halda. Fyrsta varnarlína, verð tígrisdýr þegar þú þarft á svoleiðis að halda en svo bara kislóra þar á milli.

Markús Sítt píls og hælur.

Guðrún Auðvitað.

Markús Segðu mér eitt. Ef ég kæmi á skrifstofuna einn morguninn og segði „*Mikið ertu fersk og falleg í dag*“?, væri það í lagi þín vegna?

Guðrún Af hverju ætti það ekki að vera það?

Markús Þú yrðir ekki móðguð.

Guðrún Nei, ég yrði glöð, það er gaman að fá hrós.

Markús Og segjum sem svo að þú hefðir gert eitthvað alveg frábært fyrir mig og mig langaði til að þakka þér fyrir og ég myndi leggja hönd á öxlina þína, svona aftan á öxlina eins og ég segi. Bara svona.

Guðrún Já auðvitað.

Markús En neðar á bakið? Kannski hér?

Guðrún Já.

Markús Hér?

Guðrún Já

Markús Hér?

- Guðrún** Á gráu svæði.
- Markús** Ég er bara að finna út hvar mörkin liggja. (*Markús fjarlægir hönd sína.*)
- Guðrún** Nei, auðvitað.

(*Markús færir sig frá.*)
- Markús** Ég meina þessar konur. Valdið sem þær hafa. Og þær vita það, þær geta rústað þér. Fylgjast stöðugt með þér og bíða eftir því að þú misstigir þig, svo þær geti upphróað þig karlrembu eða rasista. Mörg ár þar sem hún setur ekkert út á hrósin, hönd á handlegg, biður mig um ráð í sambandi við ferilinn sinn, langar að ná langt og er alveg til í að ræða þessa hluti yfir vínglasi sem hún er ekki að borga fyrir, þessi tík. Og svo bara, boosh, springur allt í loft upp og þá er það ekki lengur bara núna, heldur nær langt aftur í tímann, verður allt sem þú hefur einhvern tíman gert, í mannkynssögunni, allt aftur til fyrsta yfirmannsins sem klappaði aðstoðarkonu á bossann.
- Guðrún** Er það það sem þú gerðir? Klappaðir henni á bossann.
- Markús** Í gríni. Ég var ekki að elta hana kringum skrifborðið. Mér finnst hún ekki einu sinni aðlaðandi. Hún er algjörlega flatbrjósta, og ekki með neinar mjaðmir til að tala um.
- Guðrún** Ég er ekki viss um að það hjálpi þínum málstað að segja það.
- Markús** Nei, jæja. Bara milli vina. Ég meina bara, kommon, hönd á rass, með mörg lög af fatnaði á milli? Er ekki kominn tími á að fullorðnast? Það er ekki eins og ég hafi puttað hana, hún var alveg búin að gera mér ljóst að hún myndi ekki leyfa mér það.
- Guðrún** Hvenær gerði...?
- Markús** Ó fyrir mörgum árum. Þannig alla vega. Ég er ekkert að fara aftur í vinnuna á næstunni.